

1873.

25. okthbr.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lóð yfirrættarhússins.

Með bréfi, dagsettu 15. ágúst. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað tvær bænarskrár, þar sem Árni kansellíræð Thorsteinson og ljósmyndasmiður Sigfús Eymundarson, sem búa næstir hinu svonefnda yfirrættarhúsi, í Reykjavík, hafa sókt um, að fá til kaups tvo tiltekna parta af lóð þeirri, sem tilheyrir yfirrættarhúsinu, annan uppá 251 $\frac{3}{4}$ ferhyrningsáln. og hinn 201 $\frac{1}{4}$ ferhyrningsáln. að stærð; hafið þér lagt til, að selja megi tæða lóðarparta, sem eigi virðast vera svo áriðandi fyrir yfirrættarhúsið, fyrir kaupverð eptir mati óvilhallra manna, en sem þó eigi sè minna en 8 sk. fyrir hverja ferhyrningsálin, og skuli kaupendur gefa út skuldbindingar, sem verði þinglýstar, til þess þær framvegis hvíli á eignum þeirra, um, að þeir innan tiltekins hæfilegs frests seti upp af nýju haldgóðan skíðgarð eða rimagarð rétt fyrir innan takmörk þau, sem nú verða milli eignanna, svo garðurinn standi að öllu leyti á lóð þeirra; skuli garðurinn vera að minnsta kosti 2 álna hár, og eigi kaupendur að halda honum framvegis við í góðu standi; þar að auki skuli þeir taka að sèr, að greiða að tiltölu nokkuð af lóðargjaldi því, sem hvílir á eigninni, og megi þeir ekki byggja á lóðarpörtunum, svo skemmra verði til þeirra húsa, sem nú standa á lóð yfirrættarhússins, en 10 álnir, eins og fyrir er mælt í opnu bréfi 29. maí 1839, 3. gr. B.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti því, að þessi sala fari fram með þeim skilyrðum, sem getið var.

25. okthbr.

84. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnar-

innar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast 16. þ. m. að veita prestaskólakandidat Birni Þorlákssyni leyfi til að láta vígjast til prests, þegar hann sè orðinn 23 ára að aldri.

1873.
25. oktbr.

Um leið og þetta verður yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það, mælist stjórnarráðið til, að þér sjáið um, að meðfylgjandi leyfisbréf verði fengið fyrnefndum Birni Þorlákssyni í hendur.

85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins.

25. oktbr.

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem fyrrum lærisveinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sem hefir gengið undir fyrra hluta burtfararprófs við nefndan skóla, á ný hefir sókt um, að hann megi vígjast til prests, og sækja um eitthvert hinna lókustu brauða á Íslandi, þótt hann eigi hafi gengið undir eða treysti sèr til að ganga undir próf þau, sem að lögum eru skilyrði fyrir því, sem hann hefir sókt um, hafið þér, herra landshöfðingi, um leið og þér vísið til þess, sem þér sem stiptamtmaður áður hafið látið í ljósi um líka bænarskrá frá hinum sama, í bræfi, dagsettu 27. dag ágústm. þ. á., lagt til, að leyfi það, sam sókt er um, verði útvegað, en samt með því skilyrði, að sækjandi gangi undir og standist próf í prestlegri guðfræði, sem biskupinn segir fyrir um og heldur, áður en honum verði leyft að vígjast til prests.

Útaf þess gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið, eins og þegar hefir verið sagt í bræfi 24. júní 1871¹, verður að álíta það mjög ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stètt, sem ekki hefir fullnægt þeim

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 191.